URRIÐAHOLTSSKÓLI

# Kennsluáætlun 2024-2025

## Íslenska, unglingastig

Kennari : Jónína Klara Pétursdóttir

| | Lýsing |
|---|---|
| **Námsgöng** | Útbrot, Málið í mark, Málfræðiskammtar, Draugaslóð, Akam, ég og Annika, Gísla saga Súrssonar, Kjörbók, Ljóðspeglar og fjölbreytt verkefni frá skólavefnum og MMS. |
| **Kennsluaðferðir** | Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir; lestur, verkefnavinna, innlagnir frá kennara, samtöl, umræður, kynningar á einstaka verkefnum nemenda, jafningjafræðsla, horft á fræðsluefni, einstaklingsvinna, hópavinna og paravinna |
| **Hæfniviðmið** | Í Aðalnámskrá grunnskólanna eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum mismunandi flokkum. Þessir flokkar eru; talað mál hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Í íslensku verður unnið með alla fjóra flokkana í hverri lotu, innan hverrar lotu verður þó unnið með mismunandi hæfniviðmið út frá markmiðum og viðfangsefnum. Í öllum lotum eru grunnþættir menntunar hafðir að leiðarljósi. |
| **Námsmat** | Frammistaða nemenda í hverri lotu er metin með símati og námsmatsverkefnum út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið var með.  Viðkomandi hæfniviðmið eru metin út frá bókstöfum A, B+, B, C+, C og D. Í sumum tilfellum eru verkefni metin sem lokið eða ólokið eða notast við kvarðana framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið , þarfnast þjálfunar  eða hæfni ekki náð<br><br>**Lesfimipróf**:  Eru tekin þrisvar á hverju skólaári.<br>**Orðarún eða sambærileg lesskilningspróf:** Eru tekin tvisvar á hverju skólaári. |

| Tímabil | Náms og viðfangsefni | Hæfniviðmið | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Ágúst-september | *Frankenstein* í útgáfu skólavefsins lesin. Umræður, verkefnavinna og kvikyndagagnrýni þar sem bók og bíómynd eru borin saman.<br><br>Valin lesskilningsverkefni úr bókinni Útbrot.<br><br>Ýmis ritunarverkefni. Stafsetningarþjálfun Málvísir, Skólavefurinn, mms.is, ýmis ljósrit og glósur. Einblínt á fallorð (nafnorð, lýsingarorð, fornöfn, töluorð) | Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br><br>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Lesfimipróf<br><br>Námsmatspróf úr Frankenstein<br><br>Kvikmyndagagnrýni<br><br>Útdrættir úr hlutum Frankenstein |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Október-<br>nóvember | Valin lesskilningsverkefni úr bókinni Útbrot.<br><br>Bókin *Draugaslóð* lesin. Lestur umræða og verkefnavinna.<br><br>Málfræði og ritunarverkefni í tengslum við bókina Draugaslóð. Einblínt á fallorð. (nafnorð, lýsingarorð, fornöfn, töluorð)<br><br>Ýmis ljósrit og glósur. | Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,<br><br>Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br><br>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br><br>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Lesskilningspróf<br><br>Málfræðipróf 1 (fallorð)<br><br>Önnur verkefni sem kennari setur fyrir og á að skila. |
| Desember | Skáldsagan *Draugaslóð* lesin. Lestur umræða og verkefnavinna.<br><br>Málfræði og ritunarverkefni í tengslum við bókina Draugaslóð.<br><br>Valin lesskilningsverkefni úr bókinni Útbrot ásamt ýmsum ritunarverkefnum, Stafsetningarþjálfun. Málvísir, Skólavefurinn, mms.is, ýmis ljósrit og glósur. Einblínt á sagnorð. | Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð,<br><br>Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br><br>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Námsmatsverkefni úr bókinni Draugaslóð.<br><br>Önnur verkefni sem kennari setur fyrir og á að skila. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Janúar- febrúar | Íslendingasgan *Gísla saga Súrssonar* lesin. Lestur, umræður og verkefnavinna.<br><br>Ýmis ritunarverkefni og stafstetningaþjálfun í tengslum við íslendingasöguna. | Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br><br>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br><br>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Lesfimipróf<br><br>Námsmatsverkefni úr Gísla sögu.<br><br>Málfræði- og stafsetningapróf 2 (sagnorð)<br><br>Önnur verkefni sem kennari setur fyrir og á að skila. |
| Mars-apríl | Skáldsagan *Akam ég og Annika lesin.* Lestur, umræður og verkefnavinna.<br><br>Ýmis ritunarverkefni og Stafsetningarþjálfun<br><br>Ljóðspeglar, Skólavefurinn. Fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum. Form, efni, stílbrögð, túlkun. | Lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,<br><br>Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br><br>Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.<br><br>Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda,<br><br>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra,<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Lesskilningspróf<br><br>Námsmatsverkefni úr Akam, ég og Annika<br><br>Málfræði- og stafsetningapróf 3 (óbeygjanleg orð)<br><br>Önnur verkefni sem kennari setur fyrir og á að skila. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Maí-júní | Kjörbók og kjörbókarverkefni<br><br>Heimildaritgerð og stutt æfingaverkefni Reglur um skráningu heimilda, stuðst við vefinn ritver.hi.is<br><br>Ýmis ritunarverkefni. Stafsetningarþjálfun Málvísir, Skólavefurinn, mms.is, ýmis ljósrit og glósur. Fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð. | Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.<br><br>Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eflt eigið læsi, og m.a. valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur,<br><br>notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um,<br><br>skrifað rafrænan texta og tengt texta, mynd og hljóð eftir því sem við á, gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.<br><br>Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum,<br><br>Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tilitssemi, virðingu og kurteisi. | Lesfimipróf<br><br>Kjörbókarskýrsla<br><br>Heimildaritgerð/próf í heimildaskráningu<br><br>Próf úr bragfræði og ljóðum<br><br>Önnur verkefni sem kennari setur fyrir og á að skila. |

Athugið að kennsluáætlun er lifandi plagg sem getur tekið breytingum yfir skólaárið.